

Ed.

438. Breytingartillögur

við frumv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 12. gr. síðustu línu. Fyrir orðið »þeirra« komi: hans.
2. Við 14. gr. 5. málsg. Fyrir orðin »sem seðlabankinn kaupir seme« komi: sem seðlabankinn kaupir og.
3. Við 22. gr. Fyrir orðin »skulu þau skráð« komi: má telja þau á reikningnum.
4. Við 38. gr. p. Liðurinn falli burt. Liðatalan breytist eftir því.
5. Við 39. gr. síðustu málsg. Talan »37« verði: 38.
6. Við 55. gr., sem var 60. gr.

Varatillaga:

Ef 28. breytingartillagan á þingskjali 362 fellur, þá skal koma fyrir orðin »kosning í landsbankanefndina« til og með »jafnframt« þetta: Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

7. Við 58. gr. 2. málsg. Orðin »Bankinn er þá« verði: Bankinn er þó.
8. Við 59. gr. Orðin »9. gr. b« verði: 9. gr. c.
9. Aftan við 61. gr. komi ný 62. gr., svo hljóðandi:
Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga. — Greinatalan breytist samkvæmt því.
10. Við 63. gr. Fyrir töluna »47« í síðustu málsg. komi: 42.
11. Aftan við 64. gr. komi ný 65. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.